

## 6.bekkur – Áætlun í íslensku haust 2019

### Helstu bækur og námsefni:

- Málrækt 1: málfræði og málnotkun
- Vanda málið – Ekki málið lesbók 1: Heildstætt námsefni í íslensku
- Vanda málið – Ekki málið vinnubók 1: Heildstætt námsefni í íslensku
- Mál í mótun – grunnbók og vinnubók: stafsetning og ritun
- Ýmsar lestrarbækur og sögur

PEMA HAUSTANNAR ER SÖGUR/ÞJÓÐSÖGUR	Vika	Viðfangsefni	Fastar dagsetningar
	18.-22. nóv. 25.-29. nóv.	<b>Sambætting námsgreina: Samfélagsfræði/íslenska/ upplýsingatækni. Kynning fyrir foreldra 26. nóvember.</b>	
	2.-6. des.	Málrækt bls. 18 - 21 Mál í mótun bls. 23 <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
	9.-13. des.	Málrækt bls. 24 - 27 Stafsetning – upprifjun á reglum og æfingar <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	
	16.- 19. des.	Málrækt bls. 28 - 30 Stafsetning – upprifjun á reglum og æfingar Sögustund – lesnar jólasögur <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	19. Jólagleði
	20. des – 1. jan.	Jólafrí	20. jólafrí
	2.-3. jan.	Málrækt bls. 31 - 32 <b>Lestur – hlustun - samlestur</b>	1. Nýársdagur – frí 2. Starfsdagur kennara
	6.-10. jan.	Málrækt bls. 33 - 37 Mál í mótun bls. 27 + æfingahefti <b>Lestur – hlustun – samlestur – að segja sögu</b>	
	13.-17. jan.	Málrækt bls. 38 - 43 Mál í mótun bls. 29 + æfingahefti <b>Lestur – hlustun – samlestur – að segja sögu</b>	

20.-24. jan.	Málrækt bls. 44 - 47 Mál í mótun bls. 31 + æfingahefti <b>Lestur – hlustun – samlestur – að segja sögu</b>	
27.-31. jan.	Upprifjun og skrift Miðannarpróf <b>Lestur – hlustun – samlestur – að segja sögu</b>	
3.-7. feb.	Málrækt bls. 48 - 53 Mál í mótun bls. 33 + æfingahefti <b>Lestur – hlustun – samlestur – að segja sögu</b>	5. Árshátíð miðstigs
10.-14. feb.	Málrækt bls. 54 - 61 Mál í mótun bls. 35 + æfingahefti <b>Lestur – hlustun – samlestur – að segja sögu</b>	13. Starfsdagur kennara 14. Foreldradagur

## Námsmat

Leiðsagnarmat er lagt til grundvallar við námsmat. Lokaeinkunn samanstendur af:

Könnun í stafsetningu: 10%

Samvinnupróf úr Vanda málið: 20%

Stöðumat við annarlok: 30%

Skapandi skrif: 30%

Virkni og metnaður: 10%

## Hæfniviðmið samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla

### Nemendur geti:

#### Talað mál, hlustun og áhorf

- tjáð sig skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp
- hlustað með athygli á upplestur, frásagnir og fyrirmæli
- beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum

#### Lestur og bókmenntir

- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orða út frá samhengi
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sögusviði, boðskap, aðal- og aukapersónum
- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað

- nefnt nokkrur hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjanda, boðskap og myndmál
- greint og fjallað um aðalatriði í texta

### Ritun

- skrifað skýrt og læsilega
- beitt stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn
- gert sér grein fyrir uppbyggingu texta svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi
- skrifað texta í tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu
- samið texta og tjáð eigin hugmyndir og reynslu

### Málfræði

- búið til málsgreinar og gert sér grein fyrir uppbyggingu texta
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi með góðum orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
  - áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, nafnorð og lýsingarorð og hafi góð tækni á að greina texta í þessa flokka

### Öll vinna er skipulögð með grunnþætti menntunar að leiðarljósi:

Áhersla lögð á að nemendur nái góðu valdi á læsi í víðum skilningi. Læsi er hæfni sem skiptir höfuð máli í námi og starfi. Unnið er með fjölbreytt efni á ýmsum formum til að efla færni nemenda. Stuðlað er að sjálfbærni og sköpun með því að vekja áhuga nemenda á að varðveita íslenskt mál og styrkja þá í gagnrýnni hugsun í skapandi umhverfi. Nemendur eru hvattir til að tjá sig og tekið er mið af skoðunum þeirra, þörfum, áhuga, styrkleikum og veikleikum. Markmiðið er að efla lýðræði og jafnrétti auk þess að stuðla að mannréttindum. Með því að hvetja til kurteisi, ábyrgðar og samvinnu er heilbrigði og velferð nemenda einnig höfð að leiðarljósi.